

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

11. FUNDUR – 5. apríl 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 11. fundar þriðjudaginn 5. apríl 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur Blönduóssbæjar 2010 – fyrri umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 22. mars 2011*
 - b) *Skipulags -, byggingar – og veitunefnd frá 30. mars 2011*
 - c) *Menningar – og fegrunarnefnd frá 30. mars 2011*

Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur Blönduóssbæjar 2010 – fyrri umræða*

Ársreikningur Blönduóssbæjar 2010 tekinn til fyrri umræðu. Forseti bauð velkomin á fundinn Þorstein G. Þorsteinsson, frá KPMG, endurskoðanda bæjarins og Valgerði Hilmarsdóttur fjármálastjóra bæjarins. Þorsteinn fór yfir og útskýrði helstu liði ársreikningsins. Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða að vísa ársreikningi Blönduóssbæjar 2010 til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar. Viku nú Þorsteinn og Valgerður af fundi.

2. *Fundargerðir:*

a. *Bæjarráð frá 22. mars 2011*

Fundargerðin er í 10 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías Ari vék af fundi undir umræðum um lið 10.2 í fundargerðinni.

L-listinn lagði fram eftirfarandi bókun vegna liðar 2 í fundargerðinni:

„Byggingu sundlaugar á Blönduósi er lokið og er hún afar vel heppnað mannvirki. Samhliða byggingunni var byggður nýr líkamsræktarsalur, kennslustofa og teknir í notkun nýir búningasklefar. Ákvörðun um byggingu sundlaugar má rekja allt aftur til þess þegar lokið var við byggingu íþróttahússins 1992 en þá voru fyrstu teikningar lagðar fram. Fyrstu

fjárveitingar til byggingar sundlaugar voru samþykktar við gerð fjárhagsáætlunar 2007 og byggingarnefnd skipuð vorið 2007. Framkvæmdir hófust sumarið 2008 og var ákveðið að lengja framkvæmdatímann haustið 2008 og opna sundlaugina vorið 2010. Mörg fyrirtæki á Blönduósi komu að verkefninu og ljóst að atvinnulífið naut góðs af framkvæmdinni á framkvæmdatímanum á sama tíma og mikill samdráttur einkenndi byggingariðnað í landinu.

Fyrirverandi bæjarstjórn Blönduósarbæjar sameinaðist um það að ljúka framkvæmdinni og að koma mannvirkinu í notkun. Sundlaugin er mikilvæg viðbót í að efla byggð og ferðapjónustu á Blönduósi. Bæjarstjórn vill þakka öllum þeim sem hafa komið að verkefninu fyrir góð störf.“

Undir þetta rita Ágúst Þór Bragason, Zophanías Ari Lárusson, Heiðrún Bjarkadóttir og Hilmar Þór Hilmarsson.

S-listinn lagði fram eftirfarandi bókun vegna liðar 2 í fundargerðinni:

„Hönnun og gerð kostnaðaráætlunar var ekki lokið þegar hafist var handa við byggingu sundlaugar. Lokakostnaður verksins kemur flestum í opna skjöldu og er óásættanlegur. Ljóst má vera að framkvæmdin fór úr böndunum og enginn hefði samþykkt verkið í upphafi vitandi af þessum kostnaði. Við hrun íslensks efnahagslífs haustið 2008 hefði átt að vera fullt tilefni til þess að endurskoða framkvæmdina. Mannvirkið er of stórt og virðist einnig of dýrt í rekstri fyrir sveitarfélag af okkar gerð. Kostnaðurinn mun íþyngja rekstri sveitarfélagsins um mörg komandi ár, seinkar mörgum nauðsynlegum framkvæmdum og viðhaldi annarra eigna.“

Undir þetta rita Oddný M. Gunnarsdóttir, Hörður Ríkharðsson og Þórdís Hauksdóttir.

Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. Skipulags -, byggingar - og veitunefnd frá 30. mars 2011

Fundargerðin er í 3. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. Menningar - og fegrunarnefnd frá 30. mars 2011

Fundargerðin er í 3. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Forseti óskaði eftir því að taka upp liðinn önnur mál til að ganga frá kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave sem haldin verður laugardaginn 9. apríl 2011. Ekki var gerð athugasemd við það. Á kjörskrá eru 631, 327 karlar og 304 konur. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga frá kjörskrástofni til kjörstjórnar og undirrita kjörskrá.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:05

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)